

# Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 10. ágúst 2022 á Zoom kl. 19.30

Mættir: Aðalsteinn Símonarson BÍKR, Baldur Haraldsson BS, Sigurður Arnar Pálsson AIFS og Tryggvi M Þórðarson KK.

---

## 1. Keppnishald sumarsins

Almennt gengið vel það sem heyrst hefur.

## 2. Öryggismál

Ábendingar hafa borist um að klæðnaður ýmissa keppenda hafi ekki verið samkvæmt reglum í Hill rally sem haldið var um helgina. Samkvæmt TMP þá var stuðst við kröfur sem gerðar eru hjá Motorsport UK varðandi Buggy í Hill rally, að nauðsynlegt væri að vera í viðurkenndum keppnisgalla en leyfilegt að vera í hlífðarfátnaði utan yfir. Keppnisráðið ræddi búnað áhafna almennt og hvetur til að gildandi öryggisreglum sé ávallt fylgt.

Ákveðið að óska eftir að á heimasíðu AKÍS verði settir inn tenglar á efni frá FIA um öryggismál í rally.

## 3. Reglubreytingar

Öryggisreglur fyrir næsta ár varðandi persónulegan búnað þarf að yfirfara fyrir næsta ár.

Ákveðið að halda fund með keppendum og öðrum áhugasömum um reglur fyrir flokka o.fl. í vikunni 22. – 26. ágúst. AS mun finna dagsetningu og auglýsa tímanlega.

## 4. Tímatökubúnaður

TMP hefur boðist til að setja upp og sjá um rafrænan tímatökubúnað í allt að 20 keppnisbílum í keppni BÍKR, 19. og 20. ágúst, en hann var notaður í Hill rally um liðna helgi með góðum árangri.

## 5. Önnur mál

**Fjölgun keppenda** – Ekkert í reglum virðist mæla gegn því að buggy bílar sem uppfylla kröfur í flokki T4 geti tekið þátt. Æskileg er að fara gaumgæfilega yfir kröfur um öryggisbúnað.

**Stigaupplýsingar á akis.is** – Svo virðist sem stigagjöf í einhverjum flokkum sé röng á heimasíðu AKÍS. Verið er að vinna í leiðréttingum.

**Akstur innan friðlands** – Leyfi fékkst hjá Umhverfisstofnun til að aka sérleið innan marka friðlandsins að Fjallabaki. Til grundvallar leyfinu lá ýtarleg áætlun um aðgerðir og viðbrögð við hverskyns óhöppum ásamt áhættumati.

Næsti fundur 22. ágúst kl. 19.30.

Fundi slitið kl. 21.03

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson